

málflutningsmanni sækjanda eigi dæmt neitt málsfærslukaup.

Þar sem mál þetta hefur verið sótt og varið fyrir yfirdómi með gjafsókn, vottast, að málsfærslan hefur verið lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður, og málsfærslukaup hins skipaða umboðsmanns stefnda, yfirrjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar, 12 krónur, greiðist af almannafje.

Mánudaginn 21. marzmánaðar.

Nr. 24/1891:

Þorvaldur Jónsson

gegn

skiptaráðandanum í Ísafjarðarsýslu og kaupstað, Skúla Thoroddsen, sjera Sigurði Stefánssyni, Jóni Einarssyni, Jakobi Rósinkarssyni og Gunnari Halldórssyni.

D ó m u r :

Eptir að skiptaráðandanum í Ísafjarðarsýslu og kaupstað, sýslumanni og bæjarfógeta Skúla Thoroddsen, hafði borizt brjef, dags. 14. febr. f. á., frá Sigurði Stefánssyni, Jóni Einarssyni, Jakob Rósinkarssyni og Gunnari Halldórssyni. Þar sem þeir tjá, að þeir eigi skuld hjá prentfjelagi Ísfirdinga, sem þeir þrátt fyrir ítrekaðar kröfur eigi hafi fengið endurgoldna, og krefjast þess jafnframt, að eigur tjeðs fjelags verði teknar til skipta-

medferðar sem protabú, — fór skiptaráðandinn hinn 24. marz f. á. í leiguherbergi prentsmiðju Ísfirðinga, setti þar skiptarjett, og um leið og hann gat þess, að honum væri ókunnugt um, hvort nokkir, eða þá hverjir, væru í stjórn prentfjelagsins, úrskurðaði hann að taka eigur prentfjelagsins samkvæmt kröfu nefndra 4 skuldheimtumanna til skiptamedferðar sem protabú. Voru síðan eptir tilvísan prentara Jóhannesar Vigfússonar, sem þó tjáðist eigi vera í þjónustu fjelagsins, eigur þess uppskrifaðar og virtar á 684 kr. 60 aur. Þá skrifaði skiptaráðandinn einnig upp skuldir þær, sem kunnugt var um, alls 1326 kr. 95 aur., og er þar í fölgin skuld gjörðarbeiðenda samkvæmt skuldabryjfi prentfjelagsstjórnarinnar, útgefnu 16. sept. 1889. Þar næst hjelt skiptaráðandinn hinn 3. aprílm. f. á. skiptafund í protabúi prentfjelags Ísfirðinga, sem auglýstur hafði verið á venjulegan hátt og sjerstaklega tilkynntur skuldheimtumönnum, sem kunnugt var um, og mættu þar hinir stefndu skuldheimtumenn, svo og nokkrir fleiri, þar á meðal áfrýjandinn, hjeraðslæknir Þorvaldur Jónsson, er tjáðist vera í stjórn prentfjelagsins, og mótmælti því fyrir hönd prentfjelagsstjórnarinnar, að eigur fjelagsins væru teknar til skiptamedferðar sem protabú, og til vara krafðist hann þess, að sýslumaður og bæjarfógeti Skúli Thoroddsen »eigi meðhöndlaði bú þetta« (þ: viki sæti sem skiptaráðandi). Þessum kröfum mótmæltu 4 skuldheimtumenn, hinir stefndu, og úrskurðaði skiptaráðandinn síðan samdægurs, að þær yrði eigi teknar til greina, og er það sjerstaklega tekið fram í úrskurðinum, að eigur protabúsins verði eigi seldar áfrýjandanum í hendur, eptir kröfu hans, sem stjórnanda prentfjelagsins. Framangreindum 2 skiptarjettarúrskurðum, uppkveðn-

um 24. marzm. og 3 aprílm. f. á., hefur hjeraðslæknir Þorvaldur Jónsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 15. júní f. á., og gjört þær rjettarkröfur, að úrskurðirnir verði úr gildi felldir, og allt sem skiptaráðandinn hefur gjört viðvíkjandi eigum fjelagsins verði dæmt ómerkt, að skiptaráðandinn verði skyldaður til að skila áfrýjanda sem löglega kosnum stjórnanda í fjelaginu og fyrir hönd stjórnarnefndarinnar, eða til vara stjórn prentfjelagsins, eignum þess, og hinir stefndu, Sigurður Stefánsson, Gunnar Halldórsson, Jón Einarsson og Jakob Rósinkarsson, sem heimtuðu protabúsmeðferð á þeim, verði dæmdir til þess in solidum eða in solidum með skiptaráðanda að borga skaða allan eptir óvilhallra manna mati, sem fjelagið hefur beðið af þessu tiltæki þeirra, svo og allan málskostnað að skaðlausu, ekki undir 200 kr. Á hinn bóginn bafa hinir stefndu látið krefjast þess, að áfrýjunarstefnunni verði frávísað, að því er snertir úrskurð skiptarjettarins 24. marzm. f. á., og að úrskurður sama rjettar 3. aprílm. f. á. verði staðfestur, og til vara, að báðir þessir úrskurðir verði staðfestir, svo og að áfrýjandinn verði, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða hinum stefndu nægilegan málskostnað eptir mati rjettarins.

Hinir stefndu byggja frávísunarkröfuna á því, að áfrýjandinn hafi eigi komið fram sem málspartur fyrir skiptarjettinum hinn 24. marzm. f. á., og sje því eigi bær um að áfrýja þeim úrskurði. En þessi ástæða er þýðingarlaus, þar sem áfrýjanda, eptir því sem fram er komið í málinu, eigi gafst kostur á að vera við tjeð skiptarjettarhald. Frávísunarkrafan verður því eigi tek-in til greina.

Áfrýjandinn hefur krafizt ónýtingar á skiptarjettar-

úrskurðunum fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að hinn stefndi skiptaráðandi sje sjálfur meðlimur og aktíu-eigandi í fjelagi því, sem hann nú hefur úrskurðað gjaldþrota, og að hann sje meðeigandi fjármuna þeirra, sem hann hefur tekið til skiptameðferðar sem protabú. Í skiptarjettarúrskurðinum 3. aprílm. lýsir skiptaráðandinn því yfir, að hann hafi enga kröfu til búans gjört, og að hann sje ekkert við það riðinn, og, að því er skuldirnar snertir, hafði hann lýst hinu sama yfir í skiptarjettinum 24. marzm. f. á. Hjer fyrir rjettinum hefur málsfærslumaður skiptaráðandans neitað því ýtarlega og skýlaust, að hann sje eða hafi verið meðlimur, aktíueigandi eða á nokkurn hátt vandabundinn prentfjelagi Ísfirðinga á þeim tíma, er eigur þess voru teknar til meðferðar sem protabú. Þessa staðhæfingu skiptaráðanda og umboðsmanns hans verður að taka til greina, með því að henni eigi hefur verið hnekk't með lögfullum gögnum, og verða úrskurðirnir eigi ónýttir fyrir það, að skiptaráðandi hafi verið málspartur í búinu eða viðriðinn það.

Á skiptafundinum 24. marz f. á., þegar prentfjelsbúið var tekið til skiptameðferðar sem protabú, var enginn viðstaddur af hálfu prentfjelsstjórnarinnar, og hafði henni eigi verið gjört advart um þetta rjettarhald, enda var skiptaráðanda þá, eptir því sem hann tók fram í rjettinum, ókunnugt um, hvort nokkur, eða hverjir, væru í stjórn prentfjelsagsins. Og þó búast hefði mátt við meiri varfærni eða nærgætni við prentfjelsstjórnina af hálfu skiptaráðandans í þetta skipti, sjerstaklega að hann hefði gjört sjer nokkurt far um að grennslast eptir stjórnendum fjelagsins, til þess að geta gjört þeim viðvart um rjettarhaldið, þá verður samt

sem áður sá úrskurður skiptaráðandans, er hann þá felldi um protabúsmeðferð á eignum fjelagsins, og sem virðist hafa eingöngu verið á því byggður, að eigur fjelagsins væru í óreiðu og umsjónarlausar, eigi álitinu beinlínis ólöglegur eptir því sem þá stóð á. En þegar áfrýjandinn mætti af hendi prentfjlagsstjórnarinnar á skiptafundinum 3. apríl f. á. og mótmælti protabúsmeðferð á eignum prentfjlagsins í stjórnarinnar nafni, og krafðist, að þær væru seldar í hendur stjórninni, þá gat skiptaráðandinn eigi lengur að raunalausni eða án frekari eptirgreiðslunar álitid eigur prentfjlagsins vera í óreiðu, og þar sem hann þó með úrskurði, er hann upp kvað þá samstundis, neitaði að selja áfrýjandanum í hendur eigur prentfjlagsins, án þess beinlínis að neita veru hans í prentfjlagsstjórninni eða heimild hans til að koma fram fyrir stjórnarinnar hönd, eins og einnig án þess að tilfæra nokkra aðra ástæðu fyrir protabúsmeðferð á eignum prentfjlagsins — en það atriði eitt sjer, að fram var komin krafa á hendur fjelaginu, sem virtist vera fallin í gjalddaga og þó enn óborguð, en sem á hinn bóginn var öldungis óvíst um, hvort væri vidurkennd rjett að vera af fjelaginu eða stjórn þess, gat ekki rjettlætt tóku prentfjlagseignanna til protabúsmeðferðar —, þá var þessi aðferð skiptaráðandans ólögleg með öllu, og það því fremur sem það er upplýst nægilega hjer fyrir rjettinum, eða því má álitast að minnsta kosti eigi nægilega mótmælt, að áfrýjandinn hafi verið löglegur stjórnandi prentfjlagsins og mætt löglega af þess hendi eða stjórnar þess á umgetnum skiptafundi. Það verður því að fella úr gildi greindan skiptarjettarúrskurð 3. apríl f. á. og skylda skiptaráðandann til að skila stjórn prentfjlagsins í hendur eig-

um prentfjelagsins, er hann hefur haft undir stjórn sinni sem skiptaráðandi. Hvað skaðabótakröfu áfrýjanda snertir, þá hefur hann ekki gjört tilraun til að sýna eða sanna, að fjelagið hafi nokkurt tjón beðið af skiptameðferð á eigum þess og ráðsmennsku skiptarjettarins á þeim, og verða stefndu því eigi skyldaðir til að svara fjelaginu neinum skaðabótum í þessu skyni. Aftur á móti þykir rjett, að stefndu greiði áfrýjanda allir in solidum málskostnað með 60 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði skiptaúrskurður 3. apr. f. á. skal úr gildi felldur og skyldast skiptaráðandi til að skila prentfjelagsbúinu í hendur prentfjelagsstjórninni, sem löglegum umráðanda þess. Málskostnað greiði allir hinir stefndu, sýslumaður og bæjarfógeti Skúli Thoroddsen, Sigurður Stefánsson, Jón Einarsson, Jakob Rósinkarsson og Gunnar Halldórsson in solidum áfrýjandanum Þorvaldi Jónssyni með 60 krónum, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. marzmánaðar.

Nr. 2 1892:

Rjettvísinn

gegn

Rögnavaldi Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Ísafjardarsýslu uppkvednum 16. októberm. f. á. var hinn ákærði, Rögnavaldur bóndi